



Tímabundið STARFSLEYFI

Með vísan til ákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., efnalaga nr. 6/2013 m.s.br. og reglugerða settum samkvæmt þeim eftir því sem við á, veitir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hér með tímabundið starfsleyfi til neðangreinds:

Leyfishafi: Anton Rafn Ásmundsson

Kennitala: 2908794509

Aðsetur: Strandgata 9a, 825 Stokkseyri

Leyfið gildir frá: 22. júní 2021
Leyfið gildir til: 22. júlí 2021

Starfsemi og staðsetning verks:

Niðurrif og förgun asbest úr íbúðarhúsnæði að Strandgötu 9a, 825 Stokkseyri.

Starfsleyfisskilyrði:

- Eftir því sem við á gilda ákvæði í starfsleyfisskilyrðum leyfishafa við allar framkvæmdir sem leyfi þetta gildir um, fái leyfishafi utanaðkomandi aðila til að vinna einstaka hluta framkvæmdarinnar eða framkvæmdina í heild.
- Eftir því sem við á skal framkvæmdaaðili hafa tilskilin réttindi til meðhöndlunar á asbesti frá Vinnueftirlitinu.
- Áður en niðurrif byggingar eða byggingarhluta hefst skal liggja fyrir:
 - úttekt heilbrigðisfulltrúa, sem jafnframt hefur eftirlit með framkvæmdinni og gerir úttekt að henni lokinni,



- b) framkvæmdaleyfi byggingafulltrúa, sé framkvæmdin byggingar- og/eða framkvæmdaleyfisskyld,
 - c) heimild til meðhöndlunar asbestos frá Vinnueftirlitinu ef asbest er að finna í viðkomandi byggingu eða byggingarhluta.
4. Starfseminni skal hagað þannig að hún valdi ekki óþægindum í nágrenni framkvæmdarinnar vegna úrgangs, lyktar, ryks, hávaða eða annars ónæðis.
 5. Eftir því sem við á skal tryggja að búið sé að aftengja rafmagn og vatn, nema það sem þarf til niðurrifsins, áður en niðurrif byggingar eða byggingarhluta hefst. Allar frárennslislagnir skulu vera frágengnar með fullnægjandi hætti í seinasta lagi við lok niðurrifs.
 6. Ávallt skal byrja á að fjarlægja allt asbest úr byggingum og byggingarhlutum sem á að rífa. Asbest skal ávallt rífa handvirkta og gæta fyllstu varúðar við alla meðhöndlun þess. Áhersla skal lögð á að rykbinda byggingahluta sem innihalda asbest. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands áskilur sér heimild til að krefjast þess fyrir niðurrif asbestos í innirými að svæðið skuli lokað af með þéttu efni þannig að undirþrýstingur hindri dreifingu á asbesti út fyrir niðurrifssvæðið. Aðgangur að svæðinu skal þá vera í gegnum sérstakan lofræstan gang.
 7. Lágmarka skal rykmyndun við niðurrif steypu, mórs, asbest o.þ.h. á framkvæmdasvæðinu öllu svo og við brottflutning úrgangs eftir því sem við á, m.a. með skolon hjólbarða vöruslutningabifreiða í hvert sinn sem framkvæmdasvæði er yfirgefið.
 8. Eingöngu er heimilt að flytja úrgang til meðferðar og/eða förgunar á móttökustaði sem hafa gilt starfsleyfi til að taka við og meðhöndla viðkomandi úrgang.
 9. Hættulegur farmur skal fluttur af flutningsaðila sem hefur ADR-réttindi til slíks flutnings.
 10. Öllum spilliefnum, s.s. asbest, PCB, þungmálum, kvikasilfri, olíum o.fl., skal halda aðskildum frá öðrum úrgangsefnum, s.s. múrbroti, timbri, járni, plasti o.þ.h.
 11. Asbest og úrgangi sem inniheldur asbest skal pakkað í þéttar umbúðir og flytja á förgunarstað í þéttum, lokuðum og merktum ílátum.
 12. Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlösun.
 13. Ef í ljós kemur við niðurrif byggingar eða byggingarhluta að jarðvegur á framkvæmdasvæðinu er olíumengaður skal tafarlaust hafa samband við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sem ákveður frekari aðgerðir. Við meðhöndlun olíumengaðs jarðvegs skal fylgja leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) nr. 8 frá 1998.



14. Innan mánaðar frá verklokum tilgreindum í starfsleyfi þessu, skal framkvæmdaaðili senda Heilbrigðiseftirliti Suðurlands skýrslu um gerð, magn og lokaáfangastað alls byggingarárgangs ásamt afritum af kvittunum fyrir móttöku hans, eftir því sem við á.

Starfsleyfisskilyrði þessi byggja á eftirfarandi lögum og reglugerðum eftir því sem við á:

- lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum,
- lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit
- reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs,
- reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs,
- reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi á landi, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 430/2007 um bann við notkun asbestos á vinnustöðum,
- reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Leyfi þetta er bundið við ofan skráða kennitölu, aðsetur og starfsemi. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum. Leyfið fellur úr gildi ef eitt eða fleiri nefndra atriða breytast. Óheimilt er að hefja aðra vinnslu en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Leyfishafi greiðir starfsleyfis- og eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eins og hún er á hverjum tíma.

Selfossi, 16. júní 2021

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu tímabundins starfsleyfis

Anton Rafn Ásmundsson

kt. 290879 4509

**Strandgötu 9a
825 Stokkseyri**

vegna niðurriðs og förgunar innveggja sem innihalda asbest í íbúðarhúsnæði að Strandgötu 9a á Stokkseyri í Sveitarfélginu Árborg.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 18. maí sl. umsókn Antons Rafns Ásmundssonar, kt. 290879 4509 um tímabundið starfsleyfi fyrir niðurrit og förgun innveggja sem innihalda asbestos í íbúðarhúsnæði að Strandgötu 9a á Stokkseyri í Sveitarfélginu Árborg. Var móttaka umsóknar auglýst samdægurs á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is.

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um m.a. lágmörkun álags á umhverfi, meðferð úrgangs, mengunarvarnir og tilkynningaskyldu vegna mengunar. Jafnframt kemur fram í starfsleyfi að ekki sé heimilt að hefja framkvæmdir við niðurrið fyrr en leyfi byggingafulltrúa liggur fyrir, sé framkvæmdin framkvæmda- og/eða byggingaleyfisskyld.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þar sem um tímabundið starfsleyfi er að ræða vegna niðurriðs mannvirkja, þá var ekki leitað umsagnar skipulags- og byggingafulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar um ofangreinda þætti. Hins vegar var leitað eftir umsögn byggingafulltrúa um hvort um byggingar- eða framkvæmdaleyfisskylda starfsemi væri að ræða. Þann 10. júní barst embættinu tölvupóstur frá byggingafulltrúa sveitarfélagsins þar sem fram kemur að ekki er gerð athugasemd við útgáfu tímabundins starfsleyfis, enda sé um minniháttar framkvæmd undanþegna byggingarleyfi að ræða.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni



tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögarra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðisefstirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir niðurrif og förgun innveggja sem innihalda asbest á vegum Antons Rafns Ásmundssonar á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 18. maí sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 15. júní sl.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Á 212. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 7. júní sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Antons Rafns Ásmundssonar tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út með gildistíma í samræmi við innsenda umsókn loknum auglýsingatíma, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint, með gildistíma frá 22. júní til 22. júlí 2021.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmæðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 16. júní 2020.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi